



Borgarráð

Reykjavík, 23. júní 2025
MSS25060089

Tilnefning í stjórn Jafnlaunastofu sf.

Félagsfundur Jafnlaunastofu sf. verður haldinn þann 27. júní 2025 kl. 13:00 í gegnum fjarfundarbúnað. Fyrir liggur tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar að borgarráð samþykki að skipa Lóu Birnu Birgisdóttur, sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs, og Einar Geir Þorsteinsson, lögfræðing, í stjórn Jafnlaunastofu sf., ásamt því að skipa Halldóru Gunnarsdóttur, jafnréttisráðgjafa á mannréttindaskrifstofu, sem varamann í stjórn til eins árs, í samræmi við 7. gr. sameignarfélagssamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til við borgarráð að tillagan verði samþykkt.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð félagsfundar Jafnréttisstofu sf. 2025.

Sameignarfélagssamningur Jafnlaunastofu sf., dags. 5. nóvember 2021.



Reykjavík

From: [Helga Björg Ragnarsdóttir](#)
To: [Þorsteinn Gunnarsson](#); [Arnar Þór Sævarsson](#)
Cc: [Lóa Birna Birgisdóttir](#); [Inga Rún Ólafsdóttir](#)
Subject: Félagsfundur Jafnlaunastofu sf.- fundarboð og beiðni um tilnefningu í stjórn
Date: mánudagur, 16. júní 2025 11:55:40
Attachments: [image001.png](#)
[image002.jpg](#)
[Sameignarfélagssamningur_jafnlaunastofa_undirritað.pdf](#)

Sælir Þorsteinn og Arnar,

Félagsfundur Jafnlaunastofu sf. verður haldinn þann 27. júní nk. kl. 13. á Teams. Meðal þess sem er á dagskrá er kosning stjórnar. Óskað er eftir því að Reykjavíkurborg og Samband Íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa og einn til vara í stjórn félagsins til eins árs í samræmi við 7. gr. sameignarfélagssamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um Jafnlaunastofu sem undirritaður var þann 5. nóvember 2021.

Þá er óskað eftir því að ef Reykjavíkurborg og Samband Íslenskra sveitarfélaga hyggst tilnefna fleiri fulltrúa en núverandi stjórnarfólk til setu á félagsfundinum verði það tilkynnt fyrir lok dags þann 24. júní n.k. með svari við þessum pósti.

Dagskrá félagsfundar Jafnlaunastofu 2025 haldinn 27. júní kl. 13.00 í gegnum fjarfundabúnað

1. Kjör stjórnar til eins árs.
2. Ársreikningur og skýrsla stjórnar Jafnlaunastofu 2024
3. Breytt heimilisfang Jafnlaunastofu
4. Starfs- og fjárhagsáætlun Jafnlaunastofu sf. 2025
5. Önnur mál

Vakin er athygli á 10. gr. í lögum um sameignarfélög nr. 50/2007

10. gr. Boðun félagsfundar o.fl.

- ☐ Boða skal til félagsfundar með tryggum hætti og hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni sem taka á til meðferðar á fundinum.
- ☐ Einstakir félagsmenn, stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar geta boðað til félagsfundar í því skyni að fá tiltekið mál tekið til meðferðar.
- ☐ Falla má frá formreglum 1. og 2. mgr. ef allir félagsmenn sækja félagsfund og eru sammála um það.
- ☐ Heimilt er að taka ákvörðun utan félagsfundar ef ekki er unnt að bíða með ákvörðun félagsfundar, þar til frestur til að boða fundinn er liðinn, án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Sama gildir ef allir félagsmenn eru sammála um að taka ákvörðun utan félagsfundar.

Í sameignarfélagssamningi sem er hjálagður segir í 6. grein að félagsfund skuli boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara með tilgreindu fundarefni. Með vísan í 1. og 3. mgr. 10. greinar laga um sameignarfélög nr. 50/2007 er fundurinn boðaður með 12 daga fyrirvara með vísan til þess að það geti talist hæfilegur hæfilegur fyrirvari þá verður leitað samþykkis félagsfólks fyrir því að víkja frá ákvæði tveggja vikna boðunarfresti í sameignarfélagssamningi.

Kveðja,
Helga Björg O. Ragnarsdóttir

Bestu kveðjur,



Helga Björg Olgu Ragnarsdóttir

Framkvæmdastýra/director

Túngata 14, 101 Reykjavík

Tel. + 354 415 4994


mobile +354 692 6583

helga@jafnlaunastofa.is

jafnlaunastofa.is



Reykjavíkurborg



1
R2110008



Sameignarfélagssamningur

1. gr. Nafn og heimilisfang

Nafn félagsins er **Jafnlaunastofa sf.**

Heimilisfang þess er Borgartún 18, 105 Reykjavík.

2. gr. Tilgangur og hlutverk

Tilgangur og hlutverk Jafnlaunastofu sf. er að:

- veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um að starfsfólki í sömu eða jafnverðmætum störfum hjá sveitarfélögunum séu greidd jöfn laun m.a. með fræðslu og ráðgjöf á sviði jafnlaunamála.
- styðja stjórnendur sveitarfélaga við að fylgja jafnlaunaákvæðum jafnréttislaga og innleiða og viðhalda jafnlaunavottun.
- hafa umsjón með rekstri verkefnastofu starfsmats í samræmi við jafnlaunamarkmið jafnréttislaga og ákvarðanir faglegar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARF.
- veita ráðgjöf og stuðning við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti kynjanna og jaðarsettra hópa á grundvelli aðferðafræði starfsmats.
- byggja upp og miðla þekkingu á sviði jafnlaunamála.
- stuðla að gagnsæi launaákvæðana.
- annar tengdur rekstur í samræmi við ákvörðun stjórnar.

3. gr. Sjálfstæður skattaðili

Við skráningu í firmaskrá verður félagið *sjálfstæður skattaðili*.

4. gr. Félagsmenn og stofnfé

Félagsmenn eru:

Nafn:	Kennitala:	Heimilisfang:	Eignarhluti:
Reykjavíkurborg	530269-7609	Ráðhúsinu, 101 Reykjavík	50%
Samband íslenskra sveitarfélaga	550269-4739	Borgartúni 30, 105 Reykjavík	50%

Stofnfé er 1.000.000 kr. Sérhver félagsmaður skal leggja félaginu til stofnfé í hlutfall við eignarhlut sinn.

5. gr. Ábyrgð félagsmanna

Skuldir félagsins ábyrgjast félagsmenn ótakmarkað.

Hlutur eigenda í félaginu verður hvorki tekin fjárnámi, lögtaki né kyrrsettur til tryggingar skuldum, sem eru félaginu óviðkomandi.

6. gr. Félagsfundur

Reglulegan félagsfund skal halda fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Aukafund skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef félagsmaður óskar þess. Sömu reglur gilda um aukafundi og reglulega félagsfundi.

Félagsfund skal boða skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint.

Félagsfund situr fulltrúi hvers félagsmanns ásamt stjórn félagsins.

Félagsfundur skal fara yfir skýrslu stjórnar um starfsemi síðasta árs ásamt ársreikningi, fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár ásamt því að taka ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar til starfsemi félagsins eða skiptingu taps og annað er snertir framtíðarrekstur félagsins. Óheimilt er að greiða arð úr félaginu.

7. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fjórum aðalmönnum og tveimur varamönnum. Tveir stjórnarmenn og varamaður skulu skipaðir af Reykjavíkurborg og tveir stjórnarmenn og varamaður skulu skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Við val á fulltrúum í stjórn félagsins skal leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja.


Skipunartímabil stjórnar skal vera eitt ár í senn og skulu félagsmenn tilnefna stjórnarmenn á árlegum félagsfundi félagsins. Félagsmönnum er heimilt að skipta út stjórnarmönnum milli félagsfunda. Stjórnarmenn skulu hafa þekkingu á sérsviði félagsins. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Til að skuldbinda félagið þarf undirritun meirihluta stjórnar.

8. gr. Stjórnarfundir

Stjórnarfundir félagsins eru ályktunarhæfir þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar. Heimilt er að halda rafræna stjórnarfundir.

Stjórn félagsins getur ekki skuldbundið félagsmenn umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun félagsins sem samþykkt hefur verið af félagsmönnum. Ákvarðanir um



lántökur eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun félagsins þarfnast staðfestingar frá félagsfundi eða aukafundi félagsmanna.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á fundum félagsins. Heimilt er að halda rafræna fundargerðarbók. Fundargerðir stjórnar félagsins skulu sendar félagsmönnum

9. gr. Fagleg stjórn starfsmatskerfisins SAMSTARF

Starfsmatskerfið SAMSTARF er samstarfsverkefni sem samið er um í kjarasamningum stéttarfélaga sem semja við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga eru ábyrg fyrir rekstri Verkefnastofu starfsmats og Starfsmatskerfisins og er samstarfsverkefnið rekið innan Jafnlaunastofu sf. Fagleg stjórn ber ábyrgð á faglegri þróun starfsmatskerfisins skv. samkomulagi aðila og starfsreglum faglegrar stjórnar. Stjórn Jafnlaunastofu tekur ekki ákvörðun um faglega þróun starfsmatskerfisins.

10. gr. Framkvæmdastjóri og annað starfsfólk

Stjórn félagsins getur ráðið sérstakan framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri fer þá með daglega stjórn félagsins, undirbýr fundi stjórnar, annast framkvæmd ákvarðana stjórnar og gjaldheimtu og reikningshald.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi félagsins.

Framkvæmdastjóri sér um ráðningu annarra starfsmanna í samræmi við fjárhagsáætlun. Um réttindi og skyldur starfsfólks Jafnlaunastofu fer samkvæmt ákvæðum viðeigandi kjarasamninga Reykjavíkurborgar.

11. gr. Fjárhagsáætlun

Stjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir félagið og leggur fyrir félagsfund ár hvert og fylgist með að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun. Framlag félagsmanna til félagsins telst ekki skuldbindandi fyrir félagsmenn fyrr en það hefur verið samþykkt í fjárhagsáætlun félagsmanna af, annars vegar borgarstjórn og hins vegar stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12. gr. Ársreikningur o.fl.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Félagsmenn hafa hvor um sig rétt til aðgangs að bókum félagsins og gögnum og gera kannanir á þeim, eftir því sem þeir óska.

Stjórn staðfestir ársreikning félagsins ár hvert og skal ársreikningur gerður eigi síðar en 30. júní ár hvert. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Afrit af ársreikningi, staðfestur af stjórn félagsins og áritaður af löggiltum endurskoðanda, skal sendur til félagsmanna ásamt því að vera til umfjöllunar á árlegum félagsfundi.

13. gr. Breytingar á félagssamningi

Samningi þessum verður eingöngu breytt með samþykki allra félagsmanna og skriflegri undirritun þeirra á nýjan samning. Tillögur að breytingu félagssamning skal send stjórn félagsins sem skal setja tillöguna á dagskrá næsta reglulegs félagsfundar félagsins. Stefnt er að því að bjóða ríkinu að verða aðili að félagssamningi þessum.

Samningi þessum getur félagsmaður sagt upp með 1 árs fyrirvara og skal þá sá er eftir verður eignast hlut þess er úr félaginu gekk. Uppsögnin miðast við áramót og skiptast eignir félagsins samkvæmt 4. gr. Sé aðeins einn félagsmaður eftir skal félagið rekið sem einstaklingsrekstur, nema sá er eftir sitji útvegi annan í stað þess er úr félaginu gekk. Sá aðili sem móttækur uppsögn skal þó ávallt hafa val um að krefjast félagsslita frekar en að taka við hlut þess sem er úr félaginu gekk.

Ef félaginu skyldi verða slitið, en til þess þarf samþykki allra félagsmanna, skulu reikningar þess gerðir upp við áramót og eignum þess skipt eins og segir í 4. gr. Eigi félagið þá ekki fyrir skuldum, skal það sem á vantar greitt af félagsmönnum í sömu hlutföllum, jafnskjótt og reikningsskilum er lokið.

14. gr. Önnur atriði


Kostnaður við skráningu félagsins í fyrirtækjaskrá greiðist úr félagssjóði.


Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Allir félagsmenn staðfesta þennan samning með undirskrift sinni.


Reykjavík, 5. nóvember 2021


F.h. Reykjavíkurborgar


Dagur B. Eggertsson


Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga


Aldís Hafsteinsdóttir


Karl Björnsson